

AUÐLESNAR SÖGUR

VERKEFNI



Í þessu hefti er að finna verkefni sem tengjast auðlesnum sögum fyrir unglinga. Sögurnar eru: *Fimbulvetur*, *Hauslausi húsvörðurinn*, *Leynifundur í Lissabon*, *Lyginni líkast*, *Strákaklefinn* og *Það kom að norðan*.

Verkefnin eru unnin af
Magdalenu Berglindi Björnsdóttur
grunnskólakennara.

Auðlesnar sögur – verkefni
© Magdalena Berglind Björnsdóttir
© Teikningar úr sögunum: Erla María Árnadóttir,
Bergrún Íris Sævarsdóttir, Árni Jón Gunnarsson,
Freydís Kristjánsdóttir, Guðný Hannesdóttir,
Ari Hlynur Guðmundsson Yates og Lea Mylb
© Aðrar teikningar: Blær Guðmundsdóttir
Ritstjóri: Sigríður Wöhler
Málfarsyfirlestur: Ingólfur Steinsson


1.útgáfa 2020
Menntamálastofnun
Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun


Efnisyfirlit



Fimbulvetur bls. 4



Hauslausi húsvörðurinn bls. 16



Leynifundur í Lissabon bls. 27



Lyginni líkast bls. 36



Strákaklefinn bls. 46



Það kom að norðan bls. 55

Fimbulvetur

EFTIR
GUNNAR THEODÓR EGGERTSSON



1. Orð úr bókinni - orðasöfnun

- a. Skrifaðu hjá þér orð úr bókinni samhliða lestrinum. Orðin gætu verið áhugaverð, flókin, fyndin, skrítn eða þarfnast útskýringar.

Safnaðu eins mörgum orðum og þú getur - útskýrðu þau sem þú þekkir ekki með þínum orðum.

- b. Notaðu orðin sem þú safnaðir á meðan þú last. Búðu til **orðaský** úr orðunum með því forriti sem þér hentar, hér eru slóðir á þrjú á netinu, öll ókeypis:

<https://wordart.com/>

<https://www.wordclouds.com/>

<https://www.jasondavies.com/wordcloud/>

Skrifaðu orðin sem þú fannst inn í forritið. Fiktaðu þangað til þú finnur út úr þessu (eða spurðu vin...) - taktu skjámynd af skýinu þínu og límdu í skjalið ásamt orðasöfnuninni þinni.

Hér er tilvalið
að líma



2. Að byrja sögu

Það er hægt að velja mismunandi leiðir að því að byrja bók. Í *Ritunarbókinni* sem m.a. má finna á vef mms.is er talað um **þrjár mismunandi leiðir** til að byrja sögu. Þessar upplýsingar finnur þú á blaðsíðum 26 - 28. (Smelltu [hér](#) ef þú vilt opna síðurnar). Vissulega eru fleiri leiðir til - en þessar þrjár gefa að minnsta kosti góðar hugmyndir að sögubyrjunum.

Skoðaðu þessar þrjár leiðir og berðu saman við upphaf bókarinnar *Fimbulvetur*. Hvernig flokkar þú þessa sögubyrjun?

Farðu á skólabókasafnið og gríptu þrjár bækur af handahófi (það þýðir að tilviljun ein á að ráða hvaða bók þú grípur). Skoðaðu fyrstu línurnar og segðu í hvaða flokk þú setur þær. Falla þær undir einhvern þessara flokka?

Hvernig byrjun á sögu hugnast þér best? Skrifðu fyrstu línurnar að nýrri sögu þar sem þú notar þá aðferð sem þér hugnast best.

3. Sögutími

Oft er talað um innri og ytri sögutíma þegar talað er um sögur. Það er gott að hafa þessi atriði í huga þegar sögur eru lesnar því þá getur til dæmis verið auðveldara að skilja atburðarásina.

Innri tími

er sá tími sem líður frá því að sagan byrjar og þar til henni lýkur. Innri tími getur t.d. verið einn dagur, einn mánuður eða tvö ár.

Ytri tími

er sá tími sem er þegar sagan gerist. Ytri tími gæti t.d. verið fornaldir, nútíminn, framtíðin og allt þar á milli.

Hver er innri tími sögunnar *Fimbulvetur*? En sá ytri? Hvernig kemst þú að þessari niðurstöðu?

4. Keppni! Samsett orð - viðskeyti - punktalestur!

Keppnin felst í því að fletta bókinni *Fimbulvetur* í 6 mínútur og finna sem flest samsett orð og orð búin til með viðskeytum og skrá hjá sér á línurnar hér til hliðar.

Hver nær flestum orðum á blað? Flestum samsettum orðum? Flestum orðum með viðskeytum?



allt eru þetta samsettorð úr sögunni, búin til með því að setja tvö eða fleiri orð saman.

Stundum eru líka notuð **viðskeyti** til að búa til ný orð, eins og mikilfeng**legt** og vandræðagem**lingur**.

Nokkur viðskeyti til að búa til nafnorð: *-and(i)* (*seljandi*), *-ar(i)* (*spilari*), *-i* (*hýsi*), *-ing*, *-ning* (*sending*, *talning*), *-ni* (*keppni*), *-un* (*björgun*).

Nokkur viðskeyti til að búa til lýsingarorð: *-in(n)* (*fyndinn*), *-leg(ur)* (*undarlegur*), *-rænn* (*dulrænn*), *-ug(ur)* (*skítugur*).

Í Málvísi bls. 41 má kynna sér nokkur algeng viðskeyti. Þú getur smeltt **hér** ef þú vilt skoða útskýringu á viðskeytum.

Það eru til nokkrar **aðferðir við lestur** - allt eftir því hvort við erum að lesa okkur til yndis og afþreyingar (*yndislestur*) eða þegar við lesum eitthvað til að læra og skilja, eins og t.d. ef við eigum að læra um alla forseta lýðveldisins Íslands (*djúplestur*). Enn ein tegundin er *punktalestur*, en þá skimum við yfir texta í leit að einhverju ákveðnu.

Í Kveikjum bls 24 er góð útskýring á mismunandi lestraraðferðum. Þú getur smeltt **hér** ef þú vilt skoða þær.

Punktalestur er ákveðin tegund af skimun og er notaður til að safna helstu punktum meginmálsins. Þá rennir lesandi augunum yfir textann þar til hann finnur það sem leitað er að og les það vandlega til að vera viss um að hafa réttar upplýsingar. Punktalestur notum við líka við lestur á upptalningu, s.s. í bíóauglýsingum, leiðatöflu strætó og uppskriftabókum.

[illegible]

5. Sögu sviðið - Nýja Reykjavík

Skoðaðu sögu svið sögunnar. Persónurnar búa í Nýju Reykjavík. Finndu 2-3 dæmi í sögunni þar sem sögu sviðinu er lýst. Út frá þessum dæmum getur þú samið efnisgrein þar sem þú lýsir sögu sviðinu.

Dæmi um lýsingu á sögu sviði:

Hér lýsir þú sögu sviðinu með þínum orðum, notaðu dæmin sem þú fannst í sögunni.

6. Umhverfismál

Veltu fyrir þér af hverju Katrín, Lúkas og allir hinir þurftu að búa í Nýju Reykjavík? Hvað hafði breyst á jörðinni? Ræddu þetta við skólafélaga og skráðu nokkur atriði sem þið nefnduð.

Gætir þú hugsað þér að búa við þessar aðstæður? Hvaða vandamál tengd því að búa í Nýju Reykjavík sérðu fyrir þér - eða er þetta ekkert vandamál?

Ræðið þetta í hóp skráið kosti og galla við að búa í Nýju Reykjavík.

Kostir

Gallar

7. Eins og maður tali eitthvað öðruvísi við stráka heldur en stelpur

Á blaðsíðu 15 spyr Lúkas nýja nemandann hvort hann sé strákur eða stelpa. Hvað finnst þér? Er Blær strákur eða stelpa? Skiptir það máli varðandi söguna? Ræðið gjarnan í hópum.

Hvernig á að fallbeygja nafnið Blær? Athugaðu að fallbeygingin er ólík eftir því hvort um strák eða stelpu er að ræða.



Kvk

nf _____

þf _____

þgf _____

ef _____

Kk

nf _____

þf _____

þgf _____

ef _____

8. Myndmál

Myndmál er stílbragð sem gerir texta myndrænni og ríkulegri. Ein tegund myndmáls eru viðlíkingar þar sem tveimur hugtökum er líkt saman með því að nota samanburðarorðin „eins og“, „líkt og“ eða „sem“.

- a. Skoðaðu eftirfarandi málsgreinar þar sem viðlíking er notuð og útskýrðu með þínum orðum hvað er verið að meina.

- Hún settist á milli Katrínar og Lúkasar eins og paradísarfugl á villigötum.
- Loftræstirörin stungu upp kollinum á víð og dreif eins og risavaxin slönguhöfuð sem höfðu frosið í hel fyrir óralöngu síðan.

- b. Önnur tegund myndmáls er **persónugerving** en þá eru hlutir látnir fá hæfileika lifandi vera.

Skoðaðu eftirfarandi málsgreinar þar sem persónugerving er notuð og útskýrðu með þínum orðum hvað er verið að meina.

Kuldinn át þau öll með tölu.

Lyftan urraði ógurlega.

Vindurinn vældi meðfram hurðinni.

Jörðin öskraði úr öllum áttum.

Herbergisveggirnir héldu ró sinni.

Borgin svaf sínum vanalega nætursvefni.

- C. Hvað finnst þér um notkun myndmáls? Gerir þetta sögu fjölbreyttari og myndrænni eða flækir þetta bara málið?

9. Sannfæringartexti

Sagan *Fimbulvetur* og sögu svið hennar tengjast umhverfismálum. Veldu þér málefni sem tengist umhverfismálum til að skrifa sannfæringartexta, grein sem þú stefnir á að fá birta í einhverjum fjölmiðli.

Í handbókinni Beinagrindur má finna góðar ráðleggingar við ritun slíks texta. Smelltu **hér** ef þú vilt skoða ráðleggingarnar.

Þú gætir til dæmis fjallað um bráðnun jökla, hlýnun jarðar, súrnun sjávar, plast, eiturefni - hvað sem þér best hentar. Þú þarft kannski að grúska svolítið til að finna staðreyndir sem nýtast sem góð rök - en þú græðir bara á því. Það fer best á því að vinna þetta verkefni í tölvu eða í stílabók.

10. Að hreyfa sig - Orðaskjóða

Í sögunni má finna fjölbreytt sagnorð yfir það að hreyfa sig. Hér eru nokkur dæmi:



að sniglast

að príla

að stíga

að kippast

að skottast



að haltra

að tvístíga


að hlaupa

að staulast

að klífa

að skjótast

að skakklappast



- og fleiri og fleiri.

Veldu fjögur sagnorð til að vinna með. Semdu málsgreinar þar sem þú notar orðin þín og passaðu upp á samhengið.

Safnaðu orðum um hreyfingu í orðaskjóðu bekkjarins. Þannig banki kemur í veg fyrir leiðigjarna endurtekningu í ritunarverkefnum.

11. Að lýsa persónu

Katrín og Blær eru aðalpersónur sögunnar, Lúkas er aukapersóna - en samt mikilvæg aukapersóna til að söguþráðurinn gangi upp. Aðrar persónur koma minna við sögu.

Veldu eina þessara persóna og skrifaðu stutta lýsingu á henni. Þú gætir skoðað töfluna á **blaðsíðu 8** í *Ritunarbókinni* til að fá hugmyndir.

Hafðu í huga að það þarf að lýsa meiru en útliti persóna, innri eiginleikar eru mjög mikilvægir og hafa áhrif á gang sögu.

12. Hún opnaði munninn og út vall sagan

Í sögunni *Fimbulvetur* rifjar Katrín upp og segir gamla þjóðsögu sem afi hennar sagði henni þegar hún var smástelpa.

Íslenskar þjóðsögur skiptast í nokkra flokka, í einum þeirra eru sögur um tröll. Rifjaðu upp eina sögu af trölle eða tröllum, skrifaðu hjá þér aðalatriði sögunnar og æfðu þig að segja hana. Gættu þess að tala skýrt, passa að söguþráðurinn komi í eðlilegu samhengi og ekki er verra ef þú túlkar textann á viðeigandi hátt. Þannig heldur þú athygli áheyrenda þinna allan tímann.

Taktu frásögnina þína upp og hlustaðu á þig segja söguna, sýndu kennaranum þínum upptökuna þegar þú ert sátt/-ur við útkomuna.

Ef þig vantar tröllasögu þá eru nokkrar **hér**.

13. Orðatiltæki - orðskýringar

Orðatiltækin hér að neðan eru öll úr sögunni *Fimbulvetur*.

Skoðaðu í hvaða samhengi þau eru notuð og hvort þú skiljir þau alveg.

Skrifaðu málsgreinarnar upp á nýtt og notaðu þitt orðalag.

Dæmi: að príska sig sæla (bls. 19). Katrín prískaði sig sæla að fá þrjú jarðarber á jólinum. Katrín taldi sig nokkuð heppna að fá þrjú jarðarber á jólinum.

að gefa engan gaum (bls. 23) _____

að spyrja fregna (bls. 28) _____



að halda sig á mottunni (bls. 30) _____



að tipla á tánnum (bls. 31) _____

að taka af skarið (bls. 31) _____

að heimta úr helju (bls. 64) _____

að geta sig hvergi hrært (bls. 66) _____

að gefa grið (bls. 66) _____

að efna loforð (bls. 69) _____

að eiga langt í land (bls.79) _____

að fá óbragð í munninn (bls. 83) _____

14. Sjónarhorn

Í kaflanum Leikslok kemur nýtt sjónarhorn - nýr sögumaður. Skoðaðu það. Hvað finnst þér um það? Hverju breytir það í sögunni? Ræðið í hóp og segið frá ykkar áliti.

Hauslausi húsvörðurinn

EFTIR

BERGRÚNU ÍRISI SÆVARSDÓTTUR

1. Orðskýringar

Tengdu saman orðatiltæki og rétta skýringu

Að liggja undir skemmdum	Eitthvað er ótrúlega spennandi.
Að blóðið rjúki fram í kinnarnar	Einhver vill vera hugrakkari.
Að það sjóði á einhverjum	Einhver klemmist í dyraopi.
Að atburðarásin var spennuþrungin	Einhver roðnar, verður rauður í framan.
Að grípa andann á lofti	Einhver man eitthvað eins og gerst hafi í gær.
Að telja í sig kjark	Einhverju er ekki vel við haldið, að verða ónýtt.
Að vera í fersku minni	Einhver gerir eða vinnur við einhvern hlut.
Að lenda milli stafs og hurðar	Einhver er bálreiður.
Að láta til skarar skríða	Einhver drífur í að gera það sem þarf að gera.
Að bauka við eitthvað	Einhverjum bregður mikið.

Veldu þrjú orðatiltæki og semdu málsgrein þar sem þú notar þau í réttu samhengi.

2. Samsett orð

Íslendingar hafa alltaf verið duglegir við að búa til orð. Stundum eru tvö orð sett saman og þá verður til nýtt, stundum þrjú og jafnvel fleiri.

Til að skilja orðin getur verið gott að taka þau í sundur.

Einfalt dæmi: Draugasögur - orðið er búið til úr orðunum draugar og sögur. Það segir okkur að draugasögur eru sögur um drauga.

Notaðu sömu aðferð til að skoða þessi orð og hvað þau þýða. Eru þau búin til úr tveimur eða fleiri orðum? Skrifaðu orðin sem mynda samsetta orðið á línuna.

Síldarvinnsla _____

hugsunarlaust _____

sjónvarpsskjár _____

eftirlitsmyndavélar _____

húsvarðardraugurinn _____

mannskaðaveður _____

almannavarnaflauta _____

lyklaglamur _____

öryggismyndavél _____

hryllingsmyndir _____


gangaverðir _____

holdvot _____

Hvað getur þú sett mörg orð saman og búið þannig til nýtt orð?

Hér er skemmtileg frétt af lengsta orði íslenskunnar!

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/10/15/lengsta_ord_islenskunnar_a_ljosmynd/



3. Af hverju y?

Það er gott að spá í af hverju við skrifum orð stundum með y/ý/ey og stundum ekki.

Af hverju eru þessi orð skrifuð með y?
Hvaða orðum eru þau skyld?

hryllingur _____

treysta _____

yngri _____

hleypt _____

orkuleysi _____

smeygja _____

teymdi _____

rými _____

blótsyrði _____


fylltist _____

dýpra _____

hryllti _____

lyklar _____

þyngri _____



o - u - ju

ú - jú - jó

au

**TIL
HJÁLPAR!**



4. Orðhlutar - ó!

Það er endalaust hægt að búa til ný orð, stundum þarf bara einn bókstaf - eins og stafinn ó - og þá er komið alveg nýtt orð með alveg nýja merkingu.

Skoðið þessi orð úr sögunni og spáið í hvað ó-ið gerir mikið. Veldu 5 orð.

Hvað þýða þessi orð, með og án ó-sins?

óbærilegt ómótstæðilegur ópolandi óhugnanlegt
ógeðslegt óþarfi ópolinmóð óstjórnlega ólæst
ókomin

Hvaða þrjú þessara orða notum við sjaldnast án ó-sins?

Dettur þér í hug fleiri ótrúlega, ógurlega flott ó-orð?

Til að fræðast um orðhluta þá er hér [krækja](#).

5. Hver er maðurinn?

„Maður segir viltu“ „Fólk missir ekki höfuðið, það er afhöfðað“

Skrifaðu mannlýsingu á Jonna, notaðu þær upplýsingar sem þú færð um hann í bókinni.

Viltu kannski frekar vinna verkefnið um Sólveigu, Sesar, Helgu eða Olgu? Ekki málið! Veldu eina persónu bókarinnar og láttu vaða!

[illegible]

Hér í bókinni [Kveikjur](#) finnur þú leiðbeiningar um beinar og óbeinar lýsingar.




6. Hvernig er veðrið?

Veðrið skipar mikilvægan sess í íslensku þjóðlífi og hefur lengi gert. Vegna þessa eru í íslensku máli fjölmörg orð yfir alls kyns veður.

Veðrið leikur líka stórt hlutverk í sögunni um hauslausa húsvörðinn.

Skoðaðu orðin sem eru hér í skýinu. Hver þeirra getur þú flokkað eftir því hvort þau eru um gott veður eða slæmt? Mörg þeirra eiga samt ekki heima í slíkri flokkun.

Skrifaðu málsgrein þar sem þú lýsir veðrinu á fallegum degi og svo aðra þar sem veðrið er mjög slæmt.



Á Veðurstofu Íslands má finna fróðleik um orð sem tengjast veðri.
Smelltu [hér!](#)

7. Talmál eða ritmál - er þetta eitthvað mál?

Nokkur munur er á talmáli og ritmáli. Yfirleitt er sagt að ritmál sé formlegra enda næg tækifæri til að spá í alla framsetningu og stafsetningu. Talmál er frjálslegra og óformlegra.

Skoðaðu stafsetningu þessara orða úr samtölum krakkanna í bókinni og færðu yfir í formlegra ritmál.

ætliði _____ jú mar _____
sáðuði _____ eruði _____ plís _____
komiði _____
kemurðu _____ sjáiði _____
finniði _____ ýttirðu _____

Hvor útgáfan finnst þér passa betur inn í samtöl þeirra?

8. Skilaboð

Skrifaðu tvenn skilaboð, þau gætu verið send símleiðis eða skrifuð á miða. Önnur á vinur þinn að fá, hin eru til ömmu og/eða afa.

Miðaðu málfarið við viðtakandann. Er orðalagið ólíkt? Spáðu t.d. í styttingar og skammstafanir, er málfarið formlegt eða óformlegt? Ræðið í bekknum og leyfið bekkjarfélögum að heyra ykkar skilaboð.

9. Rithöfundur

Vissir þú að rithöfundurinn Bergrún Íris Sævarsdóttir sem samdi bókina um hauslausa húsvörðinn er líka myndhöfundur hennar! Núna átt þú að skoða myndlýsingar sögunnar.

Hvaða tilfinningu fyrir bókinni fékkstu við að skoða bókarkápuna?

Hvernig fannst þér að hafa myndir af aðalpersónunum í upphafi sögunnar? Líta krakkarnir út eins og þú sást fyrir þér?

Það er engin mynd af Tómasi kennara. Hvernig sérðu hann fyrir þér?

Skoðaðu myndirnar í bókinni og spáðu atriði eins og litanotkun, skugga og ljós. Finnst þér myndirnar fylgja söguþræðinum vel?

Og hvernig finnst þér skólinn? Hvernig sjáum við slakt ástand skólans á myndunum?

Skoðaðu myndirnar af Sólveigu og líkamstjáninguna sem þær sýna. Hvernig skila stellingarnar því hvernig henni líður í aðstæðunum hverju sinni. Berðu t.d. saman myndirnar af henni á blaðsíðum 62 og 69. Og líka á blaðsíðum 9 og 79. Hvaða tilfinningar dettur þér í hug að séu að veltast um í huga Sólveigar?

Oft er sagt að mynd segi meira en þúsund orð. Veldu eina mynd úr bókinni og skrifaðu stutta hugleiðingu um hana.

10. Þjóðsögur - Draugasögur



Íslenskar þjóðsögur hafa lifað með þjóðinni í aldir. Einn flokkur þjóðsagna eru draugasögur sem eflaust hafa hrætt börn og ungmenni í dimmum baðstofum á árum áður.

Í þessum bókum má finna fjölmargar draugasögur ef þig langar til að lesa góða draugasögu.

En hvað þarf að vera í góðri draugasögu?

Vont veður? Myrkur? Blóð? Óútskýrður umgangur? Hauslaus húsvörður?

Gerðu lista yfir atriði sem eru ómissandi í góðri draugasögu. Þessi listi kemur sér vel þegar þú þarft að semja draugasögu síðar.



11. Amma í fjallinu

Á blaðsíðu 79 er mynd af ömmu Sólveigar, ömmu í Fjallinu.

Notaðu dæmi úr sögunni til að lýsa persónu ömmunnar, t.d. hvernig hún talar og hvernig samskipti hennar við Sólveigu og lögregluna eru.

Hvaða lýsingarorð dettur þér í hug? Hvernig kona er amma í Fjallinu?

12. Björgunarsveitirnar

„Tómas var ekki bara kennari heldur líka skólastjóri, húsvörður, félagi í björgunarsveitinni og kórstjóri kirkjukórsins“. Í sögunni þarf hann að rjúka úr vinnunni þegar útkall berst.

Þekkir þú einhvern sem er félagi í björgunarsveit? Taktu viðtal við viðkomandi og fáðu upplýsingar um allt sem þig langar til að vita um björgunarsveitirnar og starfsemi þeirra.

Þó þú þekkir engan í björgunarsveit getur þú bjargað þér, því bókin [Á ögurstundu](#) fjallar um starfsemi björgunarsveita.

Búðu t.d. til hugarkort um það sem þér fannst athyglisverðast í bókinni.

13. Orðaflóð

Hér er langur listi af orðum úr bókinni, sum þekkir þú alveg og veist hvað þýða, önnur kannski ekki.

Veldu þér að minnsta kosti (þetta þýðir að það má velja fleiri...) sex orð til að útskýra.

Góð hjálpartæki eru t.d. sessunautar, kennarar, orðabækur, vefsíðan www.malid.is - og hvað sem þér dettur í hug að gæti nýst.

samúð, þráðlausar græjur, dæsa, smápía, fumlaus, mjakaðist áfram,
skræpótt, Olga rúllaði augunum, skelkuð, lyppast, umlykja, hallærisleg,
áþreifanlegur ótti, gargaði, bifast, myrkvuð, staðnæmast, klisjur, vantrú,
gjallarhorn, nærvera, lét vaða, pírdi, að græjast, augun voru sem límd aftur,
holdvot, hveltt hljóð, skimaði, gúlsopi, martraðir, vélfræðingur, rafvirki.

14. Draugasaga - ritun

Semdu eins stutta draugasögu og þú getur. Notaðu orðalistann í 10. verkefninu hér að framan.

Hér sérðu dæmi sem finna má í bókinni Kveikjur.

Stysta draugasaga í heimi • • • • • Palli var einn í heiminum.
Þá var bankað.

Leynifundur í Lissabon

EFTIR
ÁSU MARIN

1. Sögu svið

Sögu svið sögunnar *Leynifundur í Lissabon* er að stærstum hluta í Lissabon í Portúgal þó svo að sagan hefjist á Íslandi. Í sögunni er einnig sagt frá ferðalagi Vasco da Gama sem gott og gagnlegt er að geta séð fyrir sér.

- a. Hafðu kortabók við höndina eða opnaðu kortaforrit á meðan þú lest söguna. Finndu staðina jafnóðum og fjallað er um þá til að sjá sögu sviðið betur fyrir þér. Skrifaðu staðina hér á listann:

0	0
0	0
0	0
0	0
0	0
0	0
0	0
0	0




-
- This image shows a single sheet of white paper with horizontal ruling lines. The lines are evenly spaced and run across the width of the page. There is no text or other markings on the paper.

HVER?



HVAR?



HVENÆR?



2. Af hverju eru þessi orð skrifuð með y?

Í íslensku verða hljóðbreytingar í orðum við beygingar þeirra. Það er gott að spá í af hverju við skrifum orð stundum með y/ý/ey og stundum ekki. Ein hljóðbreytinganna er kölluð i-hljóðvarp og hér má finna útskýringu á þessu atriði.

En í mjög einfölduðu máli þá má segja að

- ef orð er skylt orði sem er með **o, u eða ju** í stofni er það skrifað með **y**.
dæmi: hross- hryssa
- ef orð er skylt orði sem er með **ú, jú eða jó** í stofni er það skrifað með **ý**.
dæmi: mjúk - mýkri
- ef orð er skylt orði sem er með **au** í stofni er það skrifað með **ey**.
dæmi: auga- eygði

o - u - ju

ú - jú - jó

au

Af hverju eru þessi orð skrifuð með y/ý/ey? Hvaða orðum eru þau skyld?

hleypur _____

minnisleysi _____

teymir _____

beygir _____

skyldi _____

strýkur _____

teygja _____

hylja _____

stynja _____


syrgja _____

lýg _____

leynifundur _____

spyr _____

reyndar _____



3. Merking orða

Á blaðsíðu 38 dregur Katla ályktun um þýðingu orðs út frá fyrri þekkingu sinni:

„Ert þú aðalborin?“

Ég velti orðinu fyrir mér, aðalborin. Að vera borinn þýðir örugglega að vera fæddur. Amma segir oft þegar hún talar um fólk: „Auðvitað þekkir þú Nonna, hann er borinn og barnfæddur Þingeyingur.“ Og þá hlýtur aðalborin að vera fæddur í aðalstétt. Hann er líkast til að spyrja hvort ég sé af góðum ættum, rík kannski konungborin.

Notaðu sömu aðferð og Katla til að útskýra með þínum orðum hvað eftirfarandi orð þýða:

ranghvolfi _____

sannsögli _____

lýtalaus _____

barðastór _____

landafundamerki _____

nýlenda _____

4. Upplýsingaleit

Í sögunni rifjar Katla upp að í samfélagsfræðitíma hafi hún lært að konungar byggðu kastala uppi á hæðum. Þaðan hafi varðmenn séð vel yfir sveitir og varist árásum og óvæntum heimsóknum (blaðsíða 36).

Á Íslandi eru ekki kastalar en...

Skoðaðu á netinu upplýsingar sem finna má um **Borgarvirki í Húnaþingi vestra** og finndu hvað sá staður á sameiginlegt með kastölum miðalda. Skrifðu stutta hugleiðingu um það sem þú finnur um kastala, virki og/eða Borgarvirki.

5. Persónufornöfn eru til bæði í eintölu og fleirtölu

1. persóna = ég/við

2. persóna = þú/þið

3. persóna = hann - hún - það/ þeir - þær - þau

Í sögunni er notuð 1. persónu frásögn, sem þýðir að sögumaðurinn (Katla) talar í 1. persónu. Dæmi: „Ég hækkaði í tónlistinni...“, „Það var ekki í upphaflega planinu að ég færi með pabba...“

Á blaðsíðu 59 byrjar Vasco da Gama að segja ferðasögu sína, breyttu frásagnarstílnum í 3. persónu.

Dæmi: Vasco da Gama var skipstjóri á São Gabriel, myndarlegu 27 metra löngu seglskipi. Árið 1497 sigldi hann frá Lissabon






6. Slangur, slettur og nýyrði

Eins og fram kemur í *Málvísi handbók um málfræði* þá skiptist orðaforðinn okkar í meginatriðum í þrjá flokka;

- erfðaorð
- nýyrði
- aðkomuorð (tökuorð, slettur, slangur)

Notaðu upplýsingarnar í handbókinni til að flokka eftirfarandi orð úr bókinni í þessa þrjá flokka og útskýrðu með þínum orðum af hverju þú velur viðkomandi flokka fyrir orðin hér fyrir neðan:



plan _____

soldán _____



skip _____

landfestar _____

viðskiptasamningur _____

hnútur _____

7. Að hreyfa sig

rölta
drattast
smeygja (sér)
klöngrast



Allt eru þetta orð sem Katla notar um einhvers konar hreyfingu. Semdu málsgrein fyrir hvert þeirra þar sem þú notar orðið í réttu samhengi.



Skriðu niður fleiri orð sem þú kannt yfir hreyfingu. Nærðu 10 í viðbót, 20 eða fleirum?

8. Stolt siglir fleyið mitt ...

Finndu orðin sem tilheyra siglingum, bátum og skipum og gerðu hring utan um þau.

skyrbjúgur beddi skipverji
líkneski káeta
landfestar tróna
landgangur
pílfar segl

Fjögur orð ganga af. Hvað þýða þau? Útskýrðu.

Ef þig vantar aðstoð getur þú t.d. notað vefsíðuna www.malid.is.

9. Orðtök og orðatiltæki



Mjög oft eru orðtök og orðatiltæki í töluðu máli og rituðu. Þá er nauðsynlegt að vita hvað meint er með þessum orðum til að skilja textann og ná samhengi.

Tengdu saman orðatiltæki og útskýringu.



Þú ert **með hnút í maganum**

Þér **fylgir ferskur andblær**

Þig langar til **að gólfið gleypi þig**

Þú átt **að harka af þér**

Þú ert **með lífið í lúkunum**

Þú ert **með trommuslátt í brjóstkassanum**

Þú ert í hættulegum aðstæðum

Þú ert mjög kvíðin/kvíðinn

Þú ert með mikinn hjartslátt

Þú kemur með alveg nýja sýn á málin

Þú mátt ekki láta sjást að þér líði illa

Þú ert í afar vandræðalegum aðstæðum

Semdu núna sex málsgreinar þar sem þú notar orðatiltækin í réttu samhengi.

10. Samhljóma orð - ólík stafsetning

Í íslensku eru mörg samhljóma orð sem bæði eru til skrifuð með y/ý og i/í - og hefur merking orðanna áhrif á rithátt þeirra.

Dæmi: **þýða/þíða**.

Á www.malid.is kemur eftirfarandi fram:

Orðið **þýða** merkir t.d. að 'breyta (texta) af einu tungumáli á annað:
Leikritið var þýtt úr frummálinu.

Orðið **þíða** merkir 'ná frosti úr e-u': *Þá verður að þíða snjó og klaka.*

Skoðaðu þessi orðapör og útskýrðu hvað þau þýða þegar þau eru skrifuð með y/ý og i/í

hylla _____

hilla _____

skyldi _____

skildi _____

býður _____

bíður _____

lýti _____

líti _____

sýgur _____

sígur _____

rýfur _____

rífur _____



Lyginni líkast

EFTIR

ARNDÍSI ÞÓRARINSDÓTTUR

1. Hér er náttúran, um náttúruna, frá náttúrunni, til náttúrunnar

Náttúran er allt um kring - en hvað er hvað?

Þú átt að finna hvað þessi orð þýða og skrá hjá þér - það gæti komið sér vel í næsta ferðalagi. Þá gæti verið gott að horfa vel í kringum sig og athuga hvort þú sérð þessi orð í umhverfinu.

hálendi

á næsta leiti

mýrar

klettabrún

freðmýrar

þverhnípi

auðn

sylla

grýtt svæði

barmar

háls

sprunga

[illegible]

2. Að skipuleggja ferð


Nú ætlar þú að feta í fótspor Kötlu, Þorra og hinna krakkanna og skipuleggja þriggja daga ferð fyrir bekkinn þinn.


Það gæti verið gott að kynna sér efni bókarinnar [Áflandri](#) og skoða kortabækur eða kort á netinu.

Fylltu inn í hugarkortið allt sem þér dettur í hug að gæti komið sér vel í ferðinni.

Hafa í huga

- fatnaður
- áfangastaðir - örnefni
- matur
- afþreying - hafa með - gera á staðnum
- gisting - 1. nótt - 2. nótt
- Fleira






- a. Skrifaðu stutta leiðarlýsingu og dagskrá hvers dags fyrir þá sem koma í ferðina.



- b. Skrifaðu lista yfir það sem þarf að hafa með í ferðina af fatnaði, spilum, snarli og öðrum nauðsynlegum búnaði:



3. Flogaveiki



Þorri skammast sín fyrir að vera flogaveikur og hefur engum sagt frá því nema Denna.

Hann gæti verið hræddur við fordóma - líkt og þá sem Georg vinur hans sýnir á blaðsíðu 32. Fordómar spretta af vanþekkingu og eru aldrei til bóta. [Lauf.is](#) er heimasíða Félags flogaveikra. Skoðaðu hana og skráðu hjá þér að minnsta kosti þrjú atriði sem þú vissir ekki um flogaveiki.

4. Endurtekningar

Á bls. 14 í bókinni [Útbrot](#) segir:

Eitt stílbragð í skapandi skrifum er að nýta endurtekningar. Orð eða orðasambönd eru endurtekin til að leggja áherslu á eitthvað eða til að magna upp spennu eða tilfinningar.

Á blaðsíðu 53 í *Lyginni líkast* sjáum við dæmi um einmitt þetta. Þar stendur:

„Hann dó,” samsinnir hún. „Og hann sætti sig **aldrei, aldreí, aldreí** við það.”

Þegar þessi orð eru lesin fylgir þeim mun **sterkari tilfinning** en ef þarna hefði staðið:

„Hann dó,” samsinnir hún. „Og hann sætti sig **aldrei** við það.”

Ekki satt?

Prófa þú að skrifa stutt textabrot og nota **endurtekningu** til að leggja áherslu á ákveðinn þátt. Þú getur líka samið ljóð og notað sömu aðferð.


Þú gætir skrifað um eitthvað skemmtilegt, leiðinlegt, spennandi, lifandi eða dáið - eða bara um það sem hugurinn gírnist einmitt núna.

5. Sendibréf - skilaboð

Að skrifast á við einhvern

Denni (sem er dulnefni Kötlu) og Þorri skrifast á. Stundum skrifa þeir stutt skilaboð, stundum sendibréf.

Nú átt þú að skrifa bréf til vinar. Þú getur verið Denni eða Þorri eða Guðný Þóra - eða bara þú sjálf/-ur. Á þessum vefsíðum eru alls kyns hjálpargögn ef þig vantar aðstoð við að komast af stað:




Passaðu málfar, uppsetningu og stafsetningu og vandaðu líka allan frágang eins og þú best getur.



6. Orðatiltæki

Paraðu saman orðatiltæki úr sögunni og rétta útskýringu



Að fljúga á vit örlaga sinna

Að vera kátur og reifur

Náttúran æðir bara í allar áttir

Að gjóa augunum

Að stumra yfir einhverjum

Að hringa sig niður

Öskrandi vindur

Jörðin gleypir þau

Að liggja í keng

Að horfa á eitthvað til hliðar við mann

Það er hávaða rok

Að hnipra sig saman

Umhverfið er allt um kring

Að hnipra sig saman

Þau hurfu niður í sprungu

Að hjálpa einhverjum veikum

Að vera glaðvær og léttur í lund

Að mæta örlögum sínum

Veldu að minnsta kosti þrjú þeirra og skrifaðu málsgrein þar sem þú notar orðatiltækið í réttu samhengi. Þannig festir þú merkingu þess betur í minni.

7. Tilfinningar - líðan

Hvað dettur ykkur í hug varðandi tilfinningar og líðan þegar þið lesið um það sem Katla, Þorri og hinir krakkarnir lenda í, hugsa og gera? Er allt eins og það sýnist vera á yfirborðinu?

Tilfinninga tákn, oft nefnd tjákn (emojis), lýsa tilfinningum oft mjög vel. Vinnið saman í 2 - 3 manna hópum og finnið tjákn sem lýsa tilfinningunni sem fylgir eftirfarandi málsgreinum. Veljið að minnsta kosti átta málsgreinar.

Katla veit alveg að hún er frekar leiðinleg. Og ljót.

Af hverju skrifaði vinsælasti strákurinn í skólanum allt öðruvísi um sig en nokkur annar myndi gera.

Að vera að deyja inni í sér.

Að hlýna allri innra með sér.

Að vera áhorfandi að lífinu.

Æ, æ, skemmdu geislarnir í þér heilann.

Það besta við að þykjast vera Denni er að þá getur hún verið hress.

Og hún sér það í augunum á honum að hann veit. Hann veit að það er bara ein skýring.

Að geta ekki lengur horft í augun á henni.

Nú er hún stelpan sem á engan vin.

Fyrirgefðu. Orðið er svo lítið. Allt of lítið fyrir allt það sem hana langar til að segja.

Hún gerir ekkert rétt! Ekki þegar hún segir satt og ekki þegar hún lýgur. Svo dirfist hann að hata hana!

Hvað ef hann er hryggbrottinn? Við megum ekki færa hann.

Að minnsta kosti verður ekkert eftir af augabrúnunum. Það má hugga sig við það.

Kötlunni finnst hún núna vera eins og manneskja sem hana langar til að vera. Þó að allt sé hræðilegt, þá er hún ekki sjúklingur, heldur næstum því hetja.

Það er þátíðin sem fer alveg með hana.

Katla þolir ekki að láta Þorra hugsa um sig eins og hún sé Krabbameins-Katla.

En hún ákvað að lifa.



8. Eftir lestur bókarinnar

Eftirfarandi málsgreinar eru úr sögunni - en það þarf að raða þeim í rétta tímaröð.

___ Hún hleypur eins hratt og hún getur eftir fótsporunum sem eru óðum að hverfa. Um stund er hún eini í óveðrinu.

1 Katla á leyndarmál. Hún á einn vin í öllum heiminum en hann veit ekki að hann er vinur hennar.

___ Og hún vill ekki lengur vera áhorfandi að lífinu. Hún ætlar að taka öllum tilboðum sem henni berast. Fagna hverri áskorun.

___ „Ég er alltaf að hugsa um það hvernig ég myndi segja Denna frá þessu öllu. Í bréfi. Því ég tala um allt við hann. Sérstaklega eitthvað mikilvægt.“

___ Mölin skríður undan fótum þeirra og þau ráða ekki við neitt.

___ Þorri pikkar eitthvað á símann sinn á meðan þau borða og hávært dyrabjölluhljóð heyrir frá símanum hennar Kötlu um leið og hann sendir.

___ Hún spyrnir fast í sprungubarminn og rígheldur sér. Stríð við þyngdaraflið upp á líf og dauða.

___ Unnar er ruglaður af kælingunni og sennilega beinbrotinn. En hann getur samt lesið á áttavitann og bent þeim í áttina að hólnum þar sem samband næst í símann.

___ „Ekki fara, Þorri. Unnar er bara að taka þig með af því að hann heldur að þú sért vanur útivistargaur! Þú ert það ekkert.“

___ „Komdu. Við ætlum upp. Ég er svo lítil, ég stend á öxlunum á þér til að komast upp á sylluna þarna. Þaðan get ég örugglega klifrað. Ég er frekar liðug. Svo toga ég þig upp.“

___ Um kvöldið versnar veðrið og bárujárnsplöturnar hljóma eins og þær ætli að rifna af húsinu.

___ Hún er viss um að hann sé dáinn. Og hún hangir þarna í þessu brjálaða veðri, næstum því á hvolfi, bundin í mjótt reipi í seilingarfjarlægð við lík.



9. Sagnorð

Sagnorð beygjast á fjölbreyttan hátt. Fylltu inn í málsgreinarnar með sagnorðunum í rammanum og passaðu að nota þau á réttan hátt.

hnýsast skríkja gægjast sprikla
þramma
flissa hlamma vankast hendast

Georg _____ um gólfið eins og gullfiskur á parketi og _____ svo aðeins meira.

Hópurinn _____ í einfaldri röð upp hlíðina.

Katla virtist vera að _____ í bakpokann hans Þorra.

Stelpurnar _____ af gleði.

Strákarnir _____ laumulega út um dyrnar áðan.

Unnar _____ við fallið niður hlíðina.

Katla var svo þreytt eftir gönguna að hún _____ sér niður á bekkinn.

Katla _____ þegar hún las skilaboðin frá Þorra.

10. Orðasúpa

Hér eru nokkur orð úr bókinni. Veldu þér leið að vinna með þau. Þú getur lesið þau og fundið út hvað þau þýða. Eða þú getur notað þau í ljóðagerð, eða byrjun á sögu eða frásögn. Þú gætir einnig prófað að gera orðaský úr þeim – allt eftir því hvað þig langar.

sjúskuð alefli óðum vankaður akkeri
tortryggileg forskot gleðitár sorti ótemja
úr sjónmáli mannfórn seilingarfjarlægð sálufélagar




Strákaklefinn

EFTIR
ARNDÍSI ÞÓRARINSDÓTTUR

1. Orðskýringar

Orðskýringar - paraðu saman setningar vinstra megin við rétta merkingu hægra megin.



Að horfa skömmustulegir á gólfið

Að gjóa augunum

Að horfa ógnandi

Að víkja sér undan

Að örla á einhverju

Að vera fámáll

Að hagræða sér

Að slóra

Að hafa vit fyrir einhverjum

Að anda léttar

að tala lítið

að fara sér hægt

að líta til hliðar við sig

að vera niðurlútir

að reyna að benda á góðar lausnir

að líða betur

að færa sig frá

að koma sér betur fyrir

að hóta einhverju með augnaráðinu

að votta fyrir ..., að sjást dálítið ...

Veldu þrjú atriði og skrifaðu eina málsgrein um hvert þeirra. Passaðu þig að nota orðin í réttu samhengi.

2. Hvaða orð eigum við?

Í sögunni er talað um mæðgur. Það er orð yfir móður og dóttur.

En hvaða orð eigum við um:

móður og son _____

föður og son _____

föður og dóttur _____

Þekkir þú fleiri orð sem lýsa skyldleika?

Á bls. 77 í bókinni [Útbrot](#) eru frábærar upplýsingar um alls kyns orð sem lýsa tengslum manna á milli.



3. Sjónarhorn sögumanns

Í *Strákaklefanum* er sjónarhorn sögumanns þannig að hann takmarkar vitneskju sína og lýsir utan frá því sem gerist. Það eru þó undantekningar frá þessari reglu þegar við fáum að sjá inn í huga einnar persónu.


Skoðaðu blaðsíðu 6 og segðu hvernig sjónarhornið breytist í smá stund.

Hvernig kæmi þetta út ef þetta væri kvikmynd eða sjónvarpsþáttur?
Hvernig hefðir þú stýrt þessari senu í sjónvarpsþættinum/
kvikmyndinni?



4. Sjónarhorn sögumanns

Það sama gerist á blaðsíðu 74. Lýstu því - þú gætir t.d. teiknað atriðið upp í 3, 6 eða 9 ramma líkt og teiknimyndasögu (storyboard).



5. Talmál - slettur

Íslenska er lifandi mál og sífellt er verið að búa til ný orð. Oft er það ungt fólk sem er duglegt að leika sér með málið og býr til orð sem festast svo í málinu. Stundum eru orð tekin úr öðrum tungumálum og aðlöguð að íslenskunni og stundum eru slettur notaðar.

Slettur eru algengar í talmáli en eru yfirleitt ekki notaðar í ritmáli, nema kannski þegar ungt fólk eru aðalpersónur.

Hér eru nokkur dæmi um talmál og slettur úr *Strákaklefanum*

Ókei. Algjörir fávitar! Þegiðu þarna, fávittinn þinn!
Ómægod. Akkúrat! Dísúss!
Sko. Ha! Fokkings skóli. Perri.
Glugginn smallaðist. Að missa kúlið.
Djók. Sorrí.
Dísess. Dísúss kræst.
De-jísúss. Ja-hérna-hér. Meikaði ekki sens.
Svalur. Splundraðist. Kúl.

Veldu 5-7 orð/setningar til að útskýra t.d. fyrir aldraðri ömmu/afa eða langömmu/langafa hvað þýða.

Smelltu
hér



Í bókinni *Málvísir* (bls. 48-49) má finna útskýringu á hvað slettur eru.

Dísess!



LOL!



6. Veikt eða sterkt?

Er stigsmunur á þessum orðum? Raðaðu frá hinu veikasta til hins sterkasta. Er t.d. munur á að segja Dísúss eða Dísúss kræst?

_____ Dísúss kræst. _____ Dísúss.
_____ Dísess. _____ De-jísúss.

7. Myndbandsverkefni

Nú átt þú að leika! Sýndu með látbragði muninn á þessum atriðum. Sendu svo kennaranum þínum afraksturinn.

- kinkaði kolli
- kinkaði ákaft kolli
- nikkaði höfðinu
- að gefa merki með höfðinu að hann ætti að koma
- nikkaði í áttina að dyrunum (og krakkarnir fóru)

8. Myndmál

Myndmál er stílbragð sem gerir texta myndrænni og ríkulegri.

Myndmál er t.d. persónugerving, *bein mynd* og *líkingar* - myndhverfingar og viðlíkingar.

Flokkaðu eftirfarandi málsgreinar eftir því hvers konar myndmál þú sérð. Hér gæti verið gott að vinna með félaga.

Útskýringar á myndmáli má t.d. finna í [Hugfinni](#) og gömlu ljóðabókinni *Ljóðspor*.



Vindurinn reif í hárið á henni og sló því í andlit hennar _____

Það brann eldur úr augunum _____

Að berjast við grátinn _____

Starði á hann eins og varðhundur _____

Ef augnaráð gæti drepíð _____

Brennandi augnaráð _____

Vindurinn sló blautum snjóflyksum ... _____

Að horfa hatursfullum augum _____

Brjálæðið rann af Merði eins og snjóskafl af bröttu þaki _____

Vindurinn notaði tækifærið ... _____

9. Eigi leyndu augu ef ann kona manni

Þessi fræga setning er úr Gunnlaugs sögu orms tungu. Þarna segir að augun komi upp um mann ef ástin er annars vegar.

Augun geta svo sannarlega sagt margt - bæði gott og svo annað ekki svo gott!


Í *Strákaklefanum* eru einmitt mörg dæmi um það:



Það brann eldur úr augunum.

Augun skutu gneistum.

Hún starði á hann eins og varðhundur.



Ef augnaráð gæti drepíð.



Brennandi augnaráð.

Að skjóta eitruðu augnatilliti.



Að horfa hatursfullum augum.

Veldu 3 málsgreinar hér að ofan og semdu stutta efnisgrein eða jafnvel örsögu í kringum hverja.

Setningarnar í verkefninu hér fyrir ofan úr *Strákaklefanum* eru allar frekar neikvæðar.

Semdu tvær málsgreinar til viðbótar þar sem augu eru í aðalhlutverki - en núna við jákvæðar aðstæður. Nokkur orð sem gætu komið þér af stað:

Blíðlega Góðvild Stóreyg Sindrandi Væntumþykja Dreymandi

10. Heimilisofbeldi

Í sögunni er snert á alvarlegu máli, heimilisofbeldi.

Fylltu inn í krossorðaglímuna með orðum sem þér detta í hug að tengist heimilisofbeldi. Notaðu orðin svo til að skrifa stutta **blaðagrein** um efnið.

Gott er að styðjast við Læsisvefinn þar sem ritun **sannfæringartexta** er útskýrð.

Ef vel tekst til er alltaf möguleiki á að greinin fáiist birt á einhverjum miðli.



_____	H	_____
_____	E	_____
_____	I	_____
_____	M	_____
_____	I	_____
_____	L	_____
_____	I	_____
_____	S	_____
_____	O	_____
_____	F	_____
_____	B	_____
_____	E	_____
_____	L	_____
_____	D	_____
_____	I	_____

11. Leikur að orðum - að leggja áherslu á sitt mál

Höfundar nota stundum HÁSTAFI, **feitletruð orð**, **leturgerð** eða

leturstærð

til að leggja áherslu á ákveðna þætti í sögum sínum.

Notaðu sömu aðferð við að semja málgreinar þar sem þú notar að minnsta kosti 2 af þessum orðum:

Vonsvikinn (hefur orðið fyrir vonbrigðum)

Yfirvegað (rólega, að sýna stillingu)

Rasisti (sá/sú sem er með kynþáttafordóma)

Snúðugt (með snúð, er fýlulegur)



Talsmáti (hvernig maður talar, kurteislega eða af ókurteisi)

Klórfar (far eftir að hafa verið klóraður/klóruð)


Þrjóskur (að gefa ekki eftir)

[illegible]

12. Orðatiltæki

Finndu orðin sem vantar inn í orðatiltækin. Athugið að hver dálkur á sitt eigið ský.

Að _____ sér í sætinu	Að _____ höndum	Að _____ á eitthvað
Að _____ sér undan	Að _____ við tönn	Að _____ alveg í rusli
Að _____ fyrir e-m	Að _____ saman jöxlunum	Að _____ sér yfir einhvern
Að _____ í kekki	Að _____ brýnnar	Að _____ hveljur
Að _____ niður	Að _____ brýnnar	Að _____ orðum í einhvern
Að _____ klovvega	Að _____ um	Að _____ fyrir sig
Að _____ í veg fyrir einhvern	Að _____ einhverjum opinn faðminn	Að _____ fram í fyrir e-m
Að _____ sig saman	Að _____ útundan	Að _____ yfirsýn
Að _____ saman	Að _____ yfir einhverjum	Að _____ miður sín
Að _____ niður	Að _____ einhvers staðar	Að _____ af fyrirlitningu



ÞAÐ KOM AÐ NORÐAN

EFTIR
GUÐNA LÍNDAL BENEDIKTSSON

1. Tengdu saman orð og útskýringu

daunn	niðrandi orð um manneskju
ónotatilfinning	boginn í baki
glirnur	hás og skrykkjóttur
sýking	sem lítur vel út, æskilegur, ákjósanlegur
gerpi	hræddur
hokinn	skakkt, afmyndað
hryglukenndur	eitthvað formlaust og afskræmt
skælt	augu
þvoglumæltur	mjög vond lykt
fýsilegur	orðinn ljótur eða skríttinn, afmyndaður
hýsill	það að sýkjast, smitast
óskapnaður	lífvera sem sníkill lifir í
afskræmdur	ópægileg tilfinning
smeykur	óskýr í framburði

Til að festa orðin betur í minni skaltu skrifa að minnsta kosti fjórar málsgreinar þar sem þú notar einhver orðanna í réttu samhengi.



2. Myndskýringar

Ari Hlynur Guðmundsson Yates og Lea Mylb eru myndhöfundar bókarinnar. Teikningar þeirra gefa okkur mynd af því sem Arna, Davor og Inga upplifðu, myndirnar þeirra bæta við lýsingar Guðna Línal Benediktssonar rithöfundar á því sem gekk á.

Veldu þér fjórar myndir úr bókinni og búðu til myndatexta sem gæti lýst því sem á myndunum er. Orðin í verkefni 1 gætu nýst vel í þetta verkefni.

Mynd 1

Mynd 2

Mynd 3

Mynd 4

3. Skilningarvitin



Yfirleitt er talað um að skilningarvit okkar séu fimm talsins; sjón, heyrn, lykt, snerting og bragð. Augu, eyru, nef, húð og tunga eru því mikilvæg skynfæri. Stundum er sagt að þegar einhver missi eitt skilningarvitanna að önnur eflist.

Inga systir Örnú er að missa sjónina og þessi fullyrðing á við um hana. Hvernig birtist það í sögunni?

Ef þú vilt vita meira um skilningarvitin getur þú til dæmis kíkt á [Vísindavef Háskóla Íslands](#).

4. Uppbygging sögu - upphaf, miðja, endir

Allar sögur byrja og enda. Þar inn á milli gerist eitthvað sem þarf að leysa áður en sagan endar.

Skrifaðu málsgreinar sem lýsa því hvað gerist í hverjum hluta sögunnar „Það kom að norðan“.

Upphaf: _____

Miðja: _____

Endir: _____

5. Sjónarhorn sögumanns

Arna er sögumaður sögunnar, allt sem við lásum um í sögunni er eins og Arna upplifði það.

Breyttu sjónarhorninu þegar Arna og Davor rekast á Þórdísi hótélstýru í kaflanum „Týndi kötturinn“ þannig að Þórdís segi söguna.

This image shows a blank sheet of white paper with horizontal ruling lines. The lines are evenly spaced and run across the width of the page. There are no margins, text, or other markings on the paper.

6. Í fréttum er þetta helst

Það er mikilvægt að fréttir af atburðunum á Siglufirði berist sem fyrst til sem flestra landsmanna.

Skrifaðu frétt um málið.



Hvað?

Hvar?

Hvenær?

Hvernig?

Hvers vegna?

Á [blaðsíðu 44 í Kveikjum](#) eru góðar leiðbeiningar um hvernig fréttir eru uppbyggðar. Fylgdu leiðbeiningunum í bókinni og þetta getur ekki klikkað!



7. Leiðbeiningar

Fréttir af sýkingunni á Siglufirði hafa borist um landið eftir að fréttin frá þér var birt í öllum helstu fjölmiðlum. Skrifaðu núna leiðbeiningar fyrir fólk um hvað sé best að gera í baráttunni við þá sem hafa sýkst. Hvað ber að varast?

Í bókinni [Beinagrindur](#) (í kaflanum um leiðbeiningar) er góð kynning á því hvað hafa ber í huga þegar skrifaðar eru leiðbeiningar



8. Orðaforði - samheiti

Samheiti eru orð sem hafa sömu eða svipaða merkingu. Veldu samheiti orðanna sem eru undirstrikuð. Gættu þess að aðlaga orðin.

hnusa skeggræða skakklappast ýkja
hörfa ókyrrast skrensa bisa
 klöngrast dorma hunsa



Raggi gerði nú aðeins meira úr stærð fisksins sem hann veiddi. Hann var ekki svona stór.

Raggi _____ stærð fisksins sem hann veiddi. Hann var ekki svona stór.

Lovísa svaf laust síðastliðna nótt. Það voru svo mikil læti fyrir utan gluggann.

Lovísa _____ síðastliðna nótt. Það voru svo mikil læti fyrir utan gluggann.

Krakkarnir töluðu um að flýja bæinn. Þeim þótti ekki óhætt þar lengur.

Krakkarnir _____ um að flýja bæinn. Þeim þótti ekki óhætt þar lengur.

Mamma hlustaði ekki á mig. Hún trúði ekki að ég hefði rétt fyrir mér.

Mamma _____ mig. Hún trúði ekki að ég hefði rétt fyrir mér.

Það er óþarfi að verða órólegur því hættan er liðin hjá. Þetta verður allt í lagi.

Það er óþarfi að _____ því hættan er liðin hjá. Þetta verður allt í lagi.

Lykillinn var fastur í skránni. Ég þurfti að vinna lengi við að ná honum úr.

Lykillinn var fastur í skránni. Ég þurfti að _____ lengi við að ná honum úr.

Inga þurfti að klifra þarna upp brekkuna. Það var mjög erfitt í öllu þessu grjóti.

Inga þurfti að _____ þarna upp brekkuna. Það var mjög erfitt í öllu þessu grjóti.

Davor dró sig til baka. Honum fannst sér ógnað.

Davor _____ . Honum fannst sér ógnað.

Filippus þefaði af matnum en borðaði hann ekki. Hann virtist ekki vera svangur.

Filippus _____ af matnum en borðaði hann ekki. Hann virtist ekki vera svangur.

Geir gengur með skrítnu göngulagi eftir götunni. Það er örugglega eitthvað að.

Geir _____ eftir götunni. Það er örugglega eitthvað að.

Bíllinn rann til þegar ég bremsaði í mölinni. Þetta var aðeins of harkalegt hjá mér.

Bíllinn _____ þegar ég bremsaði í mölinni. Þetta var aðeins of harkalegt hjá mér.

9. Hvað ef?

Stundum er gaman að velta fyrir sér hvernig eitthvað hefði orðið ef...

Semdu nýjan endi á söguna þar sem Arna, Devor og Inga komast í land til að vara landsmenn við. Trúir fólk þeim? Var sýkingin komin í þau? Hvar eru þau stödd?

10. Orðatiltæki

Hvaða orðatiltæki á við um þessar málsgreinar?

1 að grípa andann á lofti

6 að vera síðasta hálmstráið

2 að brjóta heilann

7 að taka á rás

3 að sjá hvorki tangur né tetur

8 að bera mig ofurliði

4 að fá ekki rönd við reist

9 að hafa öðrum hnöppum að hneppa

5 að fylgja í humátt



- ___ Lovísa finnur bara ekki það sem hún leitar að.
- ___ Jói gamli hafði annað að gera en að spjalla við krakkana.
- ___ Inga hugsaði stíft um hvaða lykt þetta væri.
- ___ Þreytan sigraði mig að lokum og ég steinsofnaði.
- ___ Krakkarnir hlupu af stað eins hratt og þeir komust.
- ___ Ragga brá mikið þegar krakkarnir hlupu næstum á hann.
- ___ Filippus elti Davor í hæfilegri fjarlægð.
- ___ Baturinn hans Ivans var síðasta von krakkanna um björgun.
- ___ Bæjarbúar gátu ekki komið í veg fyrir sýkinguna.



11. Aõ umorõa

Semdu þrjár málsgreinar þar sem þú notar einhver af eftirfarandi orðatiltækjum.

Útskýringin er með ef það skyldi hjálpa þér.



Það sama er uppi á teningnum - staðan er óbreytt

að ná í skottið á sér - að komast á rétt ról, t.d. í verkefnavinnu

á tveimur jafnfljótum - gangandi/hlaupandi

að streitast á móti - að berjast móti einhverju

að sjá varla handa sinna skil - að sjá lítið sem ekkert

að gefa upp öndina - að deyja

[illegible]

12. Eftir lestur bókarinnar

Eftirfarandi málsgreinar eru úr sögunni - en það þarf að raða þeim í rétta tímaröð

- ___ Raggi tekur Örnunni, Ingu og Davor upp í sendiferðabílinn.
- ___ Skrítnir hlutir gerast í eldhúsinu heima hjá Davor.
- ___ Bátur Ivans þeytist frá bryggjunni rétt í tæka tíð.
- 1 Ísjaki með eggi er dreginn á land á Siglufirði.
- ___ Krakkarnir hitta Lovísu og aðra bæjarbúa í bátahúsinu.
- ___ Héðinsfjarðargöngin eru lokuð og krakkarnir komast ekki til Ólafsfjarðar.
- ___ Kenning Ragga og krakkanna, um að börn sýkist ekki, reynist ekki á rökum reist.
- ___ Krakkarnir kveikja í bátahúsinu.
- ___ Lovísa skilar sér ekki heim úr vinnu.
- ___ Arna, Inga og Davor eiga að vera hýslar fyrir það sem er í egginu.

